

Umsögn um mál 384

Frá :Framkvæmdastjórn Sjúkrahússins á Akureyri

Framkvæmdastjórn Sjúkrahússins á Akureyri (SAK) þakkar þingmönnum þann stuðning við Sjúkrahúsið á Akureyri sem þeir sýna með því að leggja fram þingsályktunartillögu þess efnis að SAK verði gert kleift að framkvæma hjartaþræðingar.


Fýsileikakönnun sem framkvæmd var árið 2019 sýndi eins og fram kemur í þingsályktunartillögu um hjartaþræðingar að það gæti verið fýsilegt að taka upp hjartaþræðingar á SAK. Með hjartaþræðingum á SAK væri hægt að fækka sjúkraflugsflutningum um u.þ.b. 40 á ári auk þess að veita betri þjónustu við sjúklinga með bráðar kransæðaþrengingar á upptökusvæði SAK, að því gefnu að hægt væri að tryggja mannafla með viðeigandi þjálfun. Í skýrslunni er gert ráð fyrir samstarfi við sérfræðinga í hjartaþræðingum á LSH auk þess sem tveir sérfræðingar í hjartaþræðingum þyrftu að vera starfandi við SAK til þess að geta sinnt þræðingum. Gera þyrfti ráð fyrir sólarhrings þjónustu alla daga ársins og samkvæmt viðmiði um vaktaálag þá þyrfti 4-5 sérfræðinga í hjartaþræðingum til að standa bakvaktir svo SAK gæti haldið úti þjónustunni. Skýrslan gerir einnig ráð fyrir a.m.k. átta sérhæfðum skurðhjúkrunarfræðingum til að sinna hjartaþræðingum.

Það hefur verið mikil áskorun að laða að og halda í sérhæft starfsfólk innan heilbrigðiskerfisins á síðustu árum sér í lagi eftir Covid-19 heimsfaraldurinn og hefur SAK ekki farið varhluta af þeim vanda. Margt hefur breyst og mörg verkefni hafa bæst við í kjölfar faraldursins, þjónustuþörfin hefur aukist gríðarlega og fjölgun aldraðra hefur þarna áhrif líka. Ofangreint hefur mikil áhrif á starfsumhverfi sjúkrahússins.

Framkvæmdastjórn telur mikilvægt bæði að standa vörð um og efla sérhæfða þjónustu sjúkrahússins þannig að íbúar í landshlutanum geti notið sérfræðiþjónustu í heimabyggð og á það einnig við um hjartaþræðingar. Í framtíðarsýn SAK kemur fram vilji til þess að á

stofnuninni verði hægt að framkvæma hjartaþræðingar en það verkefni er mjög krefjandi og yfirgripsmikið sérstaklega í núverandi stöðu. Ekki bara með tilliti til sérfræðipækkingar heldur líka hvað varðar aðstöðu. Að þessu sögðu þá fagnar framkvæmdastjórn áhuga þingmanna á frekari uppbyggingu heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni en veltir jafnframt upp þeirri spurningu hvort raunhæft sé, á þessum tímapunkti, að ráðast í svo viðamiklu og sérhæft verkefni.

Sent fyrir hönd framkvæmdastjórnar



Ragnheiður Halldórsdóttir
Framkvæmdastjóri lækninga